

1147. Stjórnarfundur VR

Haldinn mánudaginn 9. maí 2016, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Birgir Már Guðmundsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir og Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri.

Steinunn Böðvarsdóttir ritar fundargerð í fjarveru Árna Leóssonar fundarritara.

Ólafía Björk setti fund kl. 17:30.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1146. stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar.

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1146. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana. Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kjaramál - staðan

Ólafía Björk ræddi um stöðuna í kjaramálum.

Veikindaréttarnefnd og viðræðunefnd um lífeyrismál hafa fundað. Í þeirri síðarnefndu er rætt um 3,5% hækkunina og erfiðleika sem komið hafa upp við að innleiða hana í kerfi lífeyrissjóðanna. Nefndin hefur rætt um stjórnkerfi lífeyrissjóðanna, Jón Sigurðsson kom á fund nefndarinnar. M.a. rætt um dönsku leiðina, þ.e. að stjórnarmenn sjóðanna búi yfir sérþekkingu, hver á sínu sviði.

Stofnaður hefur verið vinnuhópur um starfsmenntamál þar sem rætt er um mat á námi til launa. Selma Kristjánsdóttir situr í hópnum fyrir hönd VR.

Nefnd um breytingar á vinnufyrirkomulagi hefur ekki fundað enn. Elías Magnússon er fulltrúi VR í þeirri nefnd.

Varðandi Salek hópinn er fyrirhugaður stefnumótunarfundur þann 10. september með Holden. Skýrsla hans mun liggja fyrir áður en til þess fundar kemur.

Hvað varðar húsnæðismálin sagði Ólafía að fundað hafi verið með félags- og húsnæðismálaráðherra. Ákveðin atriði séu enn til umræðu en málin virðist komin á rekspól. Björn Traustason hefur verið ráðinn verkefnastjóri.

Umræður

3. Vinnureglur stjórnar

Ólafía Björk fór yfir vinnureglur stjórnar og ítrekaði tvö atriði:

- a. Að óskir um að mál verði tekin á dagskrá stjórnarfundar berist 6 dögum fyrir boðaðan stjórnarfund.

- b. Að mál sem tekin eru fyrir undir liðnum Önnur mál og hafa ekki verið kynnt í fundarboði skuli ekki afgreidd fyrr en á næsta fundi stjórnar.

Vinnureglur bornar undir atkvæði, samþykktar samhljóða. Reglurnar fylgja sem viðauki við fundargerð.

4. 3ja mánaða uppgjör

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, fór yfir 3ja mánaða uppgjör.

Aukning rekstrartekna um 5,3% m.v. áætlun og 10,4% m.v. síðasta ár. Rekstrargjöld eru 3,7% undir áætlun en 11% hærri en á sama tíma í fyrra. Rekstrartekjur umfram gjöld eru 88 milljónir, 5,9% meira en á sama tíma í fyrra.

Hvað varðar fjármagnsliði hefur áætlun ekki gengið eftir. Alls voru áætlaðar 151 milljón í fjármunatekjur en raunin varð 17 milljónir.

Nafnávöxtun var 0,16% en raunávöxtun var neikvæð um 0,63%.

Hreinar tekjur til ráðstöfunar voru 99 milljónir.

Félagsgjöld voru 7% hærri en áætlun og 11,4% hærri m.v. sama tíma í fyrra. Fjölgun félagsmanna milli ára var um 3,2%.

Stefán sagði frá breytingu í færslu leigutekna orlofshúsa sem hefur áhrif á uppgjör orlofssjóðs. Nýting orlofshúsa hafi verið betri m.v. sama tíma í fyrra. Mikil aukning í sölu gjafabréf flugfélaga.

Aukning í greiðslu sjúkradagpeninga sem rekja má til hærri greiðslna en ekki fjölgunar félagsmanna sem fá greiðslur.

Liðurinn útbreiðslu- og félagsmál er umtalsvert lægri en áætlun sem rekja má til þess að fjárfrek verkefni voru sett af stað síðar en gert var ráð fyrir, t.d. herferð um fjölbreytni.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir sem rekja má til breytinga á kjarasamningsbundnum launahækkunum m.v.áætlun.

Umræður

Helga Ingólfssdóttir mætti um kl. 18:00.

Ragnar Þór Ingólfsson mætti um kl. 18:10.

Meira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00
Steinunn Böðvarsdóttir ritaði fundargerð